

MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR UM GETNAÐARVÖRNINA SEM ÞÉR HEFUR VERIÐ ÁVÍSAÐ OG HÆTTU Á BLÓÐTÖPPUM (SEGAREKI)

Allar samsettar getnaðarvarnir eins og sú sem þér hefur verið ávísað auka hættuna á að fá blóðtappa. Heildarhætta á blóðtappa af völdum getnaðarvarnarinnar sem þér hefur verið ávísað er lítil en blóðtappar geta verið alvarlegir og örsjaldan geta þeir jafnvel verið banvænir.

Það er mjög mikilvægt að þú gerir þér grein fyrir hvenær þú gætir verið í aukinni hættu á að fá blóðtappa, hvaða einkennum þú þarft að vera vakandi fyrir og til hvaða ráðstafana þú þarft að grípa.

Við hvaða aðstæður er hættan á blóðtappa mest?

- á fyrsta ári notkunar getnaðarvarnarinnar sem þér hefur verið ávísað (þ.m.t. ef þú ert að hefja notkun eftir 4 vikna hlé eða lengra)
- ef þú ert í mikilli yfirþyngd
- ef þú ert eldri en 35 ára
- ef þú átt ættingja sem hefur fengið blóðtappa á unga aldri (t.d. fyrir 50 ára aldur)
- ef þú hefur fætt barn á síðustu vikum

Ef þú reykir og ert eldri en 35 ára er þér eindregið ráðlagt að hætta að reykja eða nota getnaðarvörn án hormóna.

Leitaðu tafarlaust til læknis ef þú verður vör við einhver eftirtalinnna einkenna:

- mikinn verk eða þrota í öðrum hvorum fótlegg sem fylgt gæti viðkvæmni, hiti eða breyting á húðlit t.d. fölvi, roði eða blámi. Þetta gæti verið **segamyndun í djúplægri bláæð**.
- skyndilega óútskýrða mæði eða hraðan andardrátt; nístandi brjóstverk sem gæti aukist við djúpa öndun; skyndilegan hósta án augljósrar ástæðu (sem blóð gæti fylgt). Þetta gæti verið alvarlegur fylgikvilli segamyndunar í djúplægri bláæð sem kallað er **lungnasegarek**. Þetta gerist ef blóðtappi rekur frá fótlegg til lungna.
- brjóstverk, oft bráðan en stundum einungis ónot, þrýsting, þyngsli, óþægindi í efri hluta líkamans sem leiðir út í bak, kjálka, háls eða handlegg ásamt mettunartilfinningu með meltingarónotum eða köfnunartilfinningu, aukna svitamyndun, ógleði, uppköst eða sundl. Þetta gæti verið **hjartaáfall**.
- Máttleysi eða doða í andliti, hand- eða fótlegg sérstaklega á annarri hlið líkamans; vandkvæði við tal og skilning; skyndilegt ringl; skyndilegt sjóntap eða þokusýn; alvarlegan höfuðverk/mígreni sem er óvenju slæmur. Þetta gæti verið **heilaslag**.

Vertu vakandi fyrir einkennum blóðtappa, sérstaklega:

- ef þú hefur nýverið farið í skurðaðgerð
- ef þú hefur ekki fótaferð í langan tíma (t.d. vegna áverka eða veikinda eða ef fótleggur er í gífsi)
- í tengslum við langt ferðalag (lengra en u.þ.b. 4 klst.)

Mundu að segja læknum, hjúkrunarfræðingnum eða skurðlæknum að þú notir samsett hormónagetnaðarvarnarlyf ef:

- skurðaðgerð er fyrirhuguð eða þú hefur farið í skurðaðgerð
- heilbrigðisstarfsmaður spyr þig hvort þú takir einhver lyf

Lesið meðfylgjandi fylgiseðil til að fá nánari upplýsingar, en hann má einnig finna á www.serlyfjaskra.is.

Ef grunur leikur á aukaverkun í tengslum við notkun samsettra hormónagetnaðarvarnalyfja má tilkynna það til heilbrigðisstarfsmanns eða til

Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is/Aukaverkanir